Nr. 11.
9.
ágúst.

# Auglýsing

um

að auglýsingar frá stjórnarráði Íslands 20. ágúst 1884, 14. september 1885, 23. febrúar 1886 og 27. ágúst 1887 skuli úr gildi felldar.

Hjermeð skulu felld úr gildi ákvæðin í auglýsingum frá stjórnarráði Íslands 20. ágúst 1884, 14. september 1885, 23. febrúar 1886 og 27. ágúst 1887 um að fyrirmælum laga 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, skuli fylgt að því er snertir skip, er til Íslands koma frá ítölskum höfnum og frá Malta. Ennfremur fellur úr gildi bannið samkvæmt lögum 24. okt. 1879, 3. gr. í nefndum auglýsingum gegn því að flytja með þessum skipum til Islands brúkað lín, föt og sængurfatnað, nema þessir munir sjeu ferðafatnaður, dulur, brúkað vatt, hnökraull, afklippur af pappír, hár og húðir.

Ákvæðum laga 17. des. 1875 verður hjereptir beitt að því er þessa staði snertir:

Egernsund,
Grimsby,
hafnir á frönsku ströndinni milli Nantes og St. Malo, báðum þessum höfnum með töldum,
allar hafnir í Austurríki og Ungarn og
allar Egiptalands hafnir.

Fyrir alla þessa staði, undanskildum Egiptalands höfnum, gildir og innflutningsbann samkvæmt lögum 24. okt. 1879. 3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta kunngjörist til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í stjórnarráði Íslands, 9. ágúst 1888.*

*J. Nellemann.*

---

*A. Dybdal.*

# Bekjendtgjørelse

Nr. 11.
9de
August.

om

## Ophævelse af Ministeriet for Islands Bekjendtgjørelser af 20de August 1884, 14de Septbr. 1885, 23de Februar 1886 og 27de August 1887.

Herved ophæves Bestemmelserne i Bekjendtgjørelser fra Ministeriet for Island af 20de August 1884, 14de Septbr. 1885, 23de Februar 1886 og 27de August 1887 om Jagttagelse af de i Lov om Foranstaltninger til at forhindre Børnekoppers og den asiatiske Koleras Indbringelse til Island af 17de December 1875 foreskrevne Forholdsregler med Hensyn til Skibe, der ankomme til Island fra italienske Havne og fra Malta, saa vel som ogsaa de i bemeldte Bekjendtgjørelser indeholdte Forbud i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3 mod al Indførsel ved saadanne Skibe af brugt Linned, brugte Klædningsstykker, brugte Sengklæder, for saa vidt de nævnte Gjenstande ikke høre til Personers Rejsegods, Klude, brugt Vat, Kradsuld, Papirsaffald, Haar og Huder.

Bestemmelserne i Lov af 17de December 1875 ere herefter i Virksomhed overfor følgende Steder:

Egernsund,
Grimsby,
Havne paa den franske Kyst mellem Nantes og St. Malo, begge inkl.,
samtlige østerrigsk-ungarske Havne og
samtlige ægyptiske Havne.

Overfor samtlige de nævnte Steder med Undtagelse af ægyptiske Havne bestaar derhos Indførselsforbud i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3.

Denne Bekjendtgjørelse træder strax i Kraft.

Hvilket herved bekjendtgjøres til Efterretning for alle Vedkommende.

**Ministeriet for Island, den 9de August 1888.**

*J. Nellemann.*

*A. Dybdal.*